

# Skjáborð - stillingar og dálkar

Hvort sem notað er **skjáborð deildar** eða **skjáborð notanda** eru stillingar að miklu leyti eins, sumir dálkar eins og SBAR og rafræn fyrirmæli hafa þó ólíka virkni eftir því á hvoru borðinu þeir eru notaðir þar sem t.d. skráning í SBAR er aðeins leyfileg fyrir innskráðan notanda ekki hvern sem er.

Þegar uppsetningu skjáborðs er breytt er það þrennt sem notendur breyta og verður nú farið í gegnum þessi atriði lið fyrir lið:



Í lokin er farið yfir stillingar sem mælt er með að nýir notendur velji.

## 1. Almennar stillingar

Hér verða aðeins skoðuð mikilvæg atriði sem þarf að

Merkja línu undir músabendli: með þessu er músarbendill er staddur - þetta auðveldar verulega á listanum.

Mynd af sjúkling: með þessu opnast lítil mynd af nafni sjúklings. Einnig hægt að vista nýja mynd.

Almennar stillingar skjáborðs	
Staðsetning minnismiða:	<input type="checkbox"/> Ekki birta
Fjöldi minnismiða:	<input type="checkbox"/> Engin takn
Staðsetning meldinga:	<input type="checkbox"/> Fyrir neðar
Lita alla línuna með lit viðkomandi staðsetningar (hóps).	<input type="checkbox"/>
Lita alla línuna með lit viðkomandi sérgreinar.	<input type="checkbox"/>
Merkja línu undir músabendli.	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta staðsetningu utan hópa þó svo hópafilter sé virkur.	<input type="checkbox"/>
Birta flipa fyrir mæla.	<input type="checkbox"/>
Birta flipa fyrir Rafaela og vaktir (Vaktir og Rafaela á einungis við ákv. göngu og bráðadeildir)	<input type="checkbox"/>
Birta mynd af sjúklingi í vísbendingu	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta heimilisfang sjúklings í vísbendingu	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta stiku fyrir síun.	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta hnappa fyrir afdrif í stiku	<input type="checkbox"/>
Birta hnappa fyrir hópa í stiku	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta síun eftir lækni	<input type="checkbox"/>
Birta síun eftir aðföngum	<input type="checkbox"/>
Handstýra breidd dálka.	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta meldingar af skjáborði:	<input type="checkbox"/> Ekki birta r
Læknadálkar eru sjálfstæðir:	<input type="checkbox"/>
<small>(læknir 1, 2 og 3 fá litaaðvaranir óháð hverjum öðrum)</small>	
Birta viðvörðun ef starfsmann vantar á sjúkling:	<input type="checkbox"/>
Birta fót (footer) undir skjáborðstöflu:	<input type="checkbox"/>

útskýra betur:

teiknaður rammi utan um sjúkling þar sem notkun skjáborðs þar sem eru margir sjúklingar

myndagluggi þegar músarbendill er færður yfir

Stika fyrir síun: birtir grænar síur í haus skjáborðs til

að sía eftir ákveðnum gildum. Þessi gildi eru

ákveðin þegar skjáborð er stofnað, notendur breyta hér aðeins hvaða síur eru í notkun.

Biður eftir lækni Minir sjúklingar **Allir sjúklingar** Biðstofa **A B C G3** Endurkoma Ógreitt **Birta allt**

Athugið að takki "Mínir sjúklingar" verður ekki virkur fyrr en notandi hefur tekið yfir skjáborð deildar.

Handstýra breidd dálka: Sé þessi reitur valinn er hægt að breyta stærð dálka með músarbendil, annars er þetta læst. Fyrir hvern dálk er einnig hægt að tiltaka stærð í tölugildi (notað er CSS gildi "em" þar sem 1em er ein stafabreidd).

Fleiri stillingar eru notaðar fyrir skjáborð bráðamóttöku og göngudeilda:

Sérstillingar fyrir bráða-, dag-, og göngudeildarskjáborð	
Birta stiku fyrir flutning á sjúkling	<input type="checkbox"/>
Birta sjúklinga morgundagsins	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta sjúklinga bókaða í dag	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta bókanir sjúklings saman í skjáborði	<input type="checkbox"/>
Birta möguleika á að taka frá rúm/herbergi	<input checked="" type="checkbox"/>
Reikna talningar á sjúklingum miðað við síun	<input checked="" type="checkbox"/>
Birta viðvörðun ef fjöldi sjúklinga án læknis fer yfir	19
Birta viðvörðun ef fjöldi sjúklinga án triage fer yfir	1
Skrá sérfræðing sjálfkrafa á deildarlækni ef deildarlækni vantar	<input type="checkbox"/>

## 2. Uppröðun dálka

Hér kemur að mikilvægasta þætti við uppsetningu skjáborða en eins og áður segir er mikilvægt að deildir noti vel þá möguleika sem eru í boði og fylgi vel nýjungum. Skjáborð notenda er afrit af skjáborði deildar og notendum því óhætt að fíkta að vild þar sem þeir geta alltaf núllstíllt skjáborðið en það er besta leiðin til að læra á möguleikana.

Þegar stillingar dálka eru opnaðar sjást dálkar sem eru í notkun á skjáborði hægra megin en allir mögulegir dálkar vinstra megin.

## Uppsetning dálka á skjáborði

Mögulegir dálkar			Skjáborð
Saga	Orbit	Heilsugátt	Aðrir
Aðgerð skráð	Aðgerðardeildin	Aðgerðarkóðar	S
Aðgerðarstofan	AMED	Apache skor	F
Áhættumatsdálkur	Áætlun	Bókunardagsetning	T
Bókunartími	Breyta línu	Debug	Sjúklingur
Einangraður sjúklingur	Fellilisti 1	Fellilisti 10	Vandamál við komu
Fellilisti 2	Fellilisti 3	Fellilisti 4	O
Fellilisti 5	Fellilisti 6	Fellilisti 7	A
Fellilisti 8	Fellilisti 9	Flag bókunar	E
Flagg 1 Sjúklingur	Flagg 1 Stofa	Flagg 2 Sjúklingur	Beiðnir
Flagg 2 Stofa	Flagg 3 Sjúklingur	Flagg 3 Stofa	Lífsmörk
Flagg 4 Sjúklingur	Flagg 5 Sjúklingur	Flagg 6 Sjúklingur	Stigun
Form Tímabókunar	Form1	Form10	Næring
Form2	Form3	Form4	Hreyfing
Form5	Form6	Form7	Frjáls fyrirmæli
Form8	Form9	Fyrirmæli	CPOE
Heitið á aðfanginu	Hj. flokkun	Hj. flokkur	N
Hl. staða	Hvenær var	Kennitala skurðlæknis	Hj. stig
			Framundan
			SBAR
			Persónulegur minnispunktur
			Ábyrgur
			Læknir

Auðvelt er að draga á milli og þannig velja burt eða inn dálka sem notandi vill hafa. Dálkarnir verða skoðaðir betur síðar, fyrst skoðum við **dálkastillingar** en þegar smelt er á dálk opnast frekari stillingar sem eru að mestu leyti eins fyrir alla dálka:

Skjáborð
S
F
T
Sjúklingur
Vandamál við komu
O
A
E
Beiðnir
Lífsmörk
Stigun
Næring
Hreyfing

### Dálkastillingar

Auðkenni: þetta er einstakt heiti dálks sem er ekki hægt að breyta, ólíkt Títl sem notandi getur breytt að vild. Mikilvægt er að notendur átti sig á þessum mun -

Í öllum mögulegum dálkum vinstra megin að ofan eru notuð auðkenni en hægra megin hefur titlum verið breytt.

Almennar dálkastillingar	
Auðkenni:	Factor1
Lýsing:	Sérfræðingur á bráðamóttöku / Göngudeild
Titill:	Ábyrgur
Visbending fyrir titil:	Ábyrgur sérfræðingur
Sniðmát:	%f
Hámarks lengd [stafir]:	0
Lita með teymislit?	<input type="checkbox"/>
Birta visbendingu?	<input type="checkbox"/>
Almenn visbending:	
Föst breidd í em:	4.56

Titillinn er notaður í haus dálks í skjáborðinu sjálfu:

st	Ábyrgur sérfræðingur	
ó	Ábyrgur	Læknir
EE	Daði H.	

Lengd titils stýrir ekki breidd dálks, þröngur dálkur klippir af titil og því betra að hafa þá sem stysta og frekar gera ítarlegri lýsingu í visbending fyrir titil.

Sniðmát: fyrir dagsetningar og nöfn er hægt að breyta því hvernig þau birtast ("formatting") t.d:

- Nafn sjúklings
- Nafn starfsmanna
- Komutími og dvalartími

Með því að smella á (i) má fá nánari upplýsingar um sniðmátin. Mörgum finnst þægilegast að nota %n %a fyrir nafn sjúklings, þá sést styttra nafn og aldur:

Sniðmát:

Háma Hjálp X

Lita m Formatkóðar:

Birta v

Almer

Föst t

- %N = fullt nafn (Jón Gunnar Jónsson)
- %n = stytta nafn (Jón G.J.)
- %f = fangamark (JGJ)
- %a = stuttur aldur (2s,2w,2m,2á)
- %A = langur aldur (2 daga,2 vikna,2 mánaða,2 ára)
- %y = stutt fæðingarár ('63)
- %Y = fæðingarár (1963)

Hámarks lengd: hámarks lengd upplýsinga í dálk þ.a. innihald breikki ekki dálkinn.

Lita með teymisliit: litur fyrir alla röðina er sóttur frá teymisliit.

Birta vísbendingu: þetta er mikilvægur reitur þar sem oft birtast aukalegar upplýsingar eða möguleikar þegar músarbendill er færður yfir, t.d. ofnæmi. Hvað birtist er misjafnt eftir dálkum og verður tiltekið sérstaklega hér að neðan. Hér þarf oft að finna jafnvægi milli þess að ekki opnast of margir popup-gluggar þegar músin er færð yfir skjáborðið vs. að sjá meiri upplýsingar.

Föst breidd í em: hægt er að handvirkt stýra breidd dálka (tekur annars mið af innihaldi og öðrum handstýrðum dálkum) ýmist með því að slá inn tölugildi hér (1em = 1 stafabreidd) eða breyta handvirkt með músabendil.

## Mögulegir dálkar

Dálkarnir eru um 150 talsins og ekki þörf á að þekkja þá alla, hér á eftir verða aðeins þeir skoðaðir sem er gagnlegt fyrir notendur að vinna með. Þeir sem vilja kafa enn dýpra geta skoðað [leiðbeiningar um sérstaka dálka](#). Í [almennum leiðbeiningum skjáborða](#) eru lýst almennri virkni dálka gagnvart notendum, hér er áherslan á stillingar til að kalla fram meiri virkni, einkum fyrir notendur sem hafa tekið yfir skjáborð.

Dálkarnir eru litaflokkaðir eftir uppruna þeirra úr kerfum (gagnagrunnum). Til dæmis sækja Sögu-dálkarnir gögn úr Sögu-gagnagrunninum og fyrir suma þeirra er hægt að varpa gögnum til baka þ.e. úr skjáborðum:

Mögulegir dálkar

Saga Orbit Heilsugátt Aðrir

## Sjúklingur

Í dálkastillingum er hægt að breyta því hvernig nöfn sjúklinga eru birt í skjáborði t.d. að nota bara upphafsstafi eða fornafn. Einnig er hægt að velja hvort aldur

eða fæðingarár er notað.

Vísbending: Eins og áður segir er mælt með því að notendur venji sig af því að nota vísbendingaglugga. Þegar vísbending er valin opnast lítill upplýsingagluggi þar sem sést fullt nafn sjúklings, kennitala og takki til að opna Tímalínu en mun þægilegara er að geta smellt á nafn sjúklings og þá opnast tímalína, þá þarf ekki að bíða 2-3sek eftir að popup gluggi opnast. Þeir sem þurfa fljótt að geta séð mynd eða heimilisfang sjúklings hafa gagn af vísbendingu.

*Kennitala sjúklings sést alltaf þegar músin er færð yfir, óháð stillingu.*

## Staðsetning

Bæði staðsetning og deild eru sýndar í þessum reit og upplýsingar sóttar úr lotukerfi Sögu (ekki hægt að breyta hér).

Staðsetning
605-1 Fv-A6
608-1 Fv-A6
610-1 Fv-A6
612-1 Fv-A6

Engar frekari stillingar hér.

## Ofnæmi

Úr lyfjaofnæmishluta [Snjókorns](#). Engar sértækar stillingar. Vísbending: sýnir ofnæmisskráningar en ekki eins ítarlega og ef smellt er á listann.

## Aðvaranir

Úr **Aðvaranir** og **Smitgát** hluta Snjókorns og birtir í sitt hvorum takkanum. Vísbending: sýnir ofnæmisskráningar en ekki eins ítarlega og ef smellt er á listann

	O	A	AS
	O	A	S
	O	A	S
	O	A	S

## Einangrun

Með því að merkja sjúkling í einangrun litast öll línan í Skjáborðinu gul. Reiturinn fylgir stofu/staðsetningu. Til að reitur fylgi sjúkling er notaður annar dálkur "**Einangraður sjúklingur**". Mögulegir flokkar einangrunar eru skilgreindir fyrir allan spítalann og er breytt gegnum HUT.

**Smitgát** heldur utan um alvarlegar smitskráningar s.s. ónæmar bakteríur og verður því aldrei tengd við Einangrun sem er notaður fyrir tímabundin smit t.d. influensu/noro.

## Starfsmannareitir

Almennir starfsmannareitir eru 10 talsins (**Starfsmaður 1-10**) og má nota að vild fyrir skjáborð allra deilda. Aðrir reitir eru til sem hafa sérstaka virkni eftir eðli deildar og [er lýst hér](#).


Vísbending: mjög mikilvægt er að notendur noti þennan möguleika þar sem ítarlegri upplýsingar sjást um starfsmann og mynd - það hjálpar fólki að kynna betur á stórum deildum þar sem starfsmannavelta er mikil og styrkir teymisvinnuna.

## Texti 1-15

Hér er hægt að skrá frjálsan texta af hvaða tagi sem er. Textinn er ekki vistaður með klínískum gögnum og eyðist sjálfkrafa þegar **lotu** er lokað þ.e. sjúklingur merktur "Fer" í afgreiðslukerfi Sögu. *Mjög mikilvægt er að notendur átti sig á þessu - upplýsingar í textareitum eru sem sagt ekki vistaðar yfir komur eða lotur og eyðast því t.d. á milli koma á göngudeildir/bráðamóttökur og við flutning á milli deilda (lota).* Til eru aðrir sérhannaðir reitir sem vista gögnin milli lota og t.d. "SBAR".


Textareitir eru sameiginlegir öllum skjáborðum en eðlilega bara sýnilegir nema þeim sem hafa þá í sínu skjáborði. Þar sem gögn eyðast milli lota er engin hættá á skörun milli deilda en innan deildar þarf að hafa þetta í huga.

Vísbending: sýnir allt innihald reitsins auk dagsetningar og tíma skráningar.





## Aukalegar stillingar fyrir textareiti

- Nota glugga: minnkar reitinn í skjáborðinu þannig að innihaldið er. Í stað textainnihalds sést [...] sem táknar að skrá í hann.



- Notandi þarf að smella á dálkinn: þá sést ekki innihaldið (Vísbendingu).
- Bakgrunnur: Með vali fyrir bakgrunnslit er hægt að velja að lita reitinn sérstaklega ef hann er tómur/ekki tómur, þannig er auðveldara að vinna með "todo lista" á skjáborði. Þetta er ekki ólíkt Flöggunardálkum en þeir leyfa aðeins á/af ekki lengri texta:



hann taki minna pláss, sama hversu langt að reiturinn sé ekki tómur. Smellt er á reitinn til

þegar músin er færð yfir (óháð val á

## Persónulegur minnispunktur

Hér getur starfsmaður skrifað minnispunkta fyrir sjúkling en þeir eru aðeins sýnilegir starfsmanni og engum öðrum. Reitirnir eru að öllu leyti eins og textareitir nema hvernig innihaldið eru falið, *auk þess eru minnispunktar vistaðir á milli lota* - þegar sjúklingur birtist næst þá er textinn ennþá til staðar.

Ekki hefur enn reynt á það hvort þetta teljist hluti af sjúkraskrárgögnum þar sem reiturinn átti fyrst og fremst að koma í staðinn fyrir tossamiða. Við mælum þó með því að fólk hafi í huga að textinn er í rekjanlegur ef á reynir.

## SBAR

SBAR reitnum er [farlega lýst hér](#).

## Fellilisti 1-10

Hér er hægt að velja atriði úr fyrirfram skilgreindum lista sem deildin ákvarðar.

The image shows two parts of the SBAR form. On the left, a section titled "Skilgreina mögulegar stöður" (Define possible states) contains three rows, each with a text input field labeled "val 1", "val 2", and "val 3" respectively, followed by a color-coded square and the text "Fjarlægja" (Remove). The colors are black for val 1, red for val 2, and green for val 3. Below this section is a link "Bæta við" (Add). On the right, a dropdown menu titled "1 Fellilisti 1" (1 List 1) is open, showing a list of options: "val 1", "val 2", and "val 3". The "val 2" option is currently selected and highlighted in blue.

Sama gildir hér og fyrir textareitina þ.e. upplýsingar eru ekki vistaðar í sjúkraskrá og eyðast þegar lotu er lokað.

## Flagg 1-6 (Sjúklingur / Stofa)

Mjög líkt og fellilistar nema að skipt er á milli staða með því að músasmella á reitinn í stað þess að velja úr lista (fljótlegara). Hægt er að skipta á milli 2ja eða fleiri staða og velja lit fyrir hverja stöðu. Vísbending er texti sem birtist þegar músin færð yfir.

The image shows a form titled "Sérstakar stillingar fyrir flögg" (Special settings for flags). It has two rows of controls. The first row is labeled "Flagg á" (Flag on) and the second row is labeled "Flagg af" (Flag off). Each row has three color selection boxes (white, grey, and light grey) and a text input field for a "Vísbending" (Tooltip). Below the form is a link "Bæta við flaggi" (Add to flag).

Staða flaggs fylgir **sjúkling** eða **stofu** eftir því hvaða tegund er notuð.



## Lífsmörk og Stigun

Engar sértækar dálkastillingar hér, virkni er útskýrð í almennum leiðbeiningum.

## Niðurstöður

Hægt er að velja í stillingum hvaða niðurstöður eiga að birtast:

Sérstakar stillingar fyrir rannsóknarniðurstöður

- Birta röntgenrannsóknir
- Birta blóðrannsóknir
- Birta rannsóknir frá Blóðbanka
- Birta sýklarannsóknir
- Birta aðrar rannsóknir

## Beiðnir/umsóknir

Með aðgerðarreit er hægt að spara músaklökk og framkvæma algengustu aðgerðir strax frá Skjáborði.



Munið að velja líka í stillingum hvaða aðgerðir þið viljið getað notað:

Haka við hnappa sem eiga að birtast

Tákn Litur Bakg Visbending


Blóðprufa  B    Pantu blóðprufu

Röntgen  R    Pantu röntgen

### 3. Stílar og stílbrigði

Hér getur notandi breytt leturstærð- og gerð, línubili og feitletrun fyrir Skjáborðin. Hægt er að velja 5x ólíka stíla og því hentugt að breyta þessu eftir eigin óskum.

Stílbrigði fylgja notandanum og eru því eins sama hvaða Skjáborð er valið. Hægt er að skipta fljótt á milli stíla í fellivalmynduppi til hægri.



### Stillingar sem mælt er með

Notendur sem hafa tekið yfir skjáborð og vilja einfalda framsetningu:

Fyrstu stillingar ([sjá hér](#))

Nafn stillingar	Gildi stillingar
Upphafssiða	Valmynd skjáborða ▼
Aftengja skjálæsingu	<input type="checkbox"/>
Fela efstu stiku Heilsugáttar	<input type="checkbox"/>
Ekki birta flotglugga yfir sjúklinganöfnum og starfsmönnum	<input checked="" type="checkbox"/>
<b>Skilaboðakerfi og samskipti</b>	
SMS ef ég fæ skilaboð í Spjallkerfinu	<input checked="" type="checkbox"/>

Með því að sleppa flotglugga venur notandi sig á að vinna bara með einn sjúkling í einu og alltaf á síðu sjúklings. Það er að mörgu leyti þægilegara en að opna "flotglugga" sem hefur takmarkaða virkni (t.d. engin aðgerðarvalmynd).

### Almennar stillingar

- Virkja handstýra breidd dálka - þannig er hægt að minnka dálka sem eru of stórir og stækka aðra.
- Fela flipa fyrir mæla - þessir taka heila aukalínu fyrir ofan skjáborð og því dýrmætt pláss!
- Fela minnismiða - smekksatriði!
- Stika fyrir síun - of margir möguleikar valdir hér og stikan verður ein stór klessa:

## ▼ Mitt deildarskjáborð : Bráðamóttaka Fv-G2

Stillingar Prenta Spjallrás  
13 (14) án læknis **4 án triage** 56 alls 11 Inn\* | Lengsta bið: 195 mín  00:08:52 / 04:42 🗨️

Biður eftir lækni Mínir sjúklingar **Allir sjúklingar** | FLsh Mors Heim Inn\* FStof Kons Obs  
A **B** **C** **Biðstofa** G3 Endurkoma Ógreitt Sykursýki Innkirtla | Eggert Eyjólfsson Friðrik Sigurbergsson Jón Magnús Kristjánsson  
G-3 Lyfjagjöf | **Birta allt**

Mælt er með því að notendur prófi sig áfram og finni út hvaða reiti er þörf á, oftast eru það bara hópar.

### Dálkar

Hér er erfitt að mæla með einni réttri uppsetningu þar sem þarfir notenda eru misjafnar eftir því hvaða starfsstétt þeir tilheyra og á hvaða deild þeir vinna. Almennt má þó segja að eftirfarandi dálkar séu alls staðar gagnlegir og jafnvel nauðsynlegir:

- Lífsmörk
- SBAR
- Rafræn fyrirmæli (CPOE)
- Hreyfing og næring (flýtifyrirmæli fyrir CPOE)
- Persónulegur minnispunktur

### Stílar og stílbrigði

- Þetta er augljóslega smekksatriði

### **Nánar um dálka**

Í skjalinu [sérhæfðari stillingar](#) er farið ítarlegar yfir stillingarmöguleika hvers dálks fyrir sig, f.o.f. fyrir umsjónaraðila skjáborða deilda.